Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur samstæðu
30. júní 2018

Klappir Grænar Lausnir hf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Lykiltölur	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmastjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins þróun og hönnun á hugbúnaði og stjórnbúnaði, þjónusta, ráðgjöf og nauðsynleg starfsemi þessu tengd. Ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Árshutareikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 30. júní 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess. Gerð er grein fyrir afkomu og eignarhlutum í dótturfélagi í skýringum árshlutareikningsins.

Rekstartekjur samstæðunnar samkvæmt rekstrarreikningi námu 124,4 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018 að fjárhæð 13,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 334,7 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 246,3 millj. kr. og eigið fé í hlutfalli af heildareignum var 73,6%.

Hlutafé félagsins í nam 116,5 millj.kr. í lok júní 2018. Hlutafé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar skýringu 17. Í lok tímabilsins voru hluthafar félagsins 324 talsins og fækkaði þeim um fjóra frá ársbyrjun 2018. Tíu stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok júní 2018:

	A hlutir	B hlutir	Atkvæðaréttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf.	48.275.375	18.773.950	96,55%
E-ASK ehf.	0	9.000.000	0,00%
GEVA ehf.	0	9.000.000	0,00%
Tennin ehf.	0	4.400.000	0,00%
Pund ehf.	0	4.000.000	0,00%
Sindrandi ehf.	0	3.400.000	0,00%
Eyktarsalir ehf.	200.000	2.845.350	0,40%
Þorrasalir ehf.	200.000	2.245.350	0,40%
STEY ehf.	0	2.000.000	0,00%
Kjalvegur ehf	0	2.000.000	0,00%

Stjórn og framkvæmdastjóri Klappa Grænna Lausna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2018.

Í stjórn félagins:

Framkvæmdastjóri:

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Klappa Grænna Lausna hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning samstæðu Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar".

Reykjavík, 28. ágúst 2018.

KPMG ehf.



Lykiltölur

	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.6.
Rekstrarreikningur		
Rekstartekjur	124.393.680	98.231.770
Tap fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	9.591.785	(16.230.004)
Tap tímabilsins	(13.140.712)	(34.060.641)
Tap í hlutfalli af rekstartekjum	(10,6%)	(34,7%)
Arðsemi eigin fjár	(5,2%)	(15,1%)
EBITDA - hlutfall	7,7%	(16,5%)
Arðsemi heildareigna	(3,8%)	(10,6%)

	30.6.2018	31.12.2017
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	334.731.299	362.041.038
Eigið fé hluthafa móðurfélags	246.303.324	259.444.036
Skuldir samtals	88.427.975	102.597.002
Eigið fé og skuldir samtals	334.731.299	362.041.038
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	5,4	3,9
Eiginfjárhlutafall - eigið fé / heildarfjármagn	73,6%	71,7%
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé	2,1	2,2

Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.6
Rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		83.729.736	73.433.270
Aðrar tekjur	10	40.663.944	24.798.500
		124.393.680	98.231.770
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	67.153.462	63.587.776
Annar rekstarkostnaður		47.648.433	50.873.998
		114.801.895	114.461.774
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)		9.591.785	(16.230.004)
Afskriftir	13-14	(15.241.103)	(12.524.056)
Rekstrartap		(5.649.318)	(28.754.060)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		372.844	0
Vaxtagjöld		(2.794.001)	(5.306.581)
		(2.421.157)	(5.306.581)
Hlutdeild í afkomu dótturfélags	15	(5.070.237)	0
Tap tímabilsins	19	(13.140.712)	(34.060.641)
Tap skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags		(13.140.712)	(34.060.641)
Tap tímabilsins	19	(13.140.712)	(34.060.641)

Efnahagsreikningur 30. júní 2018

	Skýr.	30.6.2018	31.12.2017
Eignir			
Óefnislegar eignir	13	206.341.611	208.764.720
Rekstrarfjármunir	14	2.677.487	3.012.173
Eignarhlutur í dótturfélögum	15	0	5.070.237
Fastafjármunir		209.019.098	216.847.130
Viðskiptakröfur		42.682.922	31.885.234
Krafa á tengda aðila	21	250.000	0
Aðrar skammtímakröfur	17	66.172.729	43.209.922
Handbært fé		16.606.550	70.098.752
Veltufjármunir		125.712.201	145.193.908
Eignir samtals		334.731.299	362.041.038
Eigið fé			
Hlutafé	18	116.500.000	116.500.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		228.567.473	228.567.473
Bundið eigið fé		37.896.817	29.624.266
Ójafnað eigið fé		(136.660.966)	(115.247.703)
Eigið fé	19	246.303.324	259.444.036
Langtímaskuldir			
Langtímalán	20	15.000.000	15.000.000
Langtímalán við tengda aðila	21	50.000.000	50.000.000
Langtímaskuldir		65.000.000	65.000.000
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		5.958.701	9.422.443
Skuldir við tengda aðila	21	0	1.373.116
Aðrar skammtímaskuldir		17.469.274	26.801.443
Skammtímaskuldir		23.427.975	37.597.002
Skuldir samtals		88.427.975	102.597.002
Eigið fé og skuldir samtals		334.731.299	362.041.038

Sjóðstreymisyfirlit tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Tap tímabilsins	19	(13.140.712)	(34.060.641)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	13-14	15.241.103	12.524.056
Hlutdeild í rekstri dótturfélags	15	5.070.237	0
Veltufé frá (til) rekstrar		7.170.628	(21.536.585)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(33.427.270)	8.172.305
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(13.129.136)	9.776.836
Breytingar rekstrart. eigna og skulda		(46.556.406)	17.949.141
Handbært fé til rekstrar		(39.385.778)	(3.587.444)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í óefnislegum eignum	13	(12.483.308)	(3.346.859)
Fjárfest í eignarhlutum í dótturfélögum		0	(187.182.483)
Fjárfestingarhreyfingar		(12.483.308)	(190.529.342)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		0	136.080.000
Tengdir aðilar breyting		(1.623.116)	(357.962)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.623.116)	135.722.038
Lækkun á handbæru fé á tímabilinu		(53.492.202)	(58.394.748)
Handbært fé í ársbyrjun		70.098.752	80.096.944
Handbært fé í lok tímabilsins		16.606.550	21.702.196

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Klappir Grænar Lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í lok tímabils. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild sem myndast annars vegar við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar og með kaupum á rekstri. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild er færð niður á 10 árum. Aðrar óefnislegar eignir félagsins eru annars vegar hugbúnaðar. Hugbúnaðurinn er færður niður á 5 árum.

5. Vörubirgðir

Birgðir samstæðunnar samanstanda af vörum til endursölu. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

6. Dótturfélög

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra í árslok. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins sem sérstakur liður. Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga á árinu og eigin fé þess í árslok er færð sérstaklega í ársreikninginn.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

8. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

9. Skatteign

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig

	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.06.
Skattaívilnun Rannís	23.702.119	15.500.000
Mótteknir styrkir	16.961.825	9.298.500
	40.663.944	24.798.500

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	66.584.967	52.791.312
Áfallið orlof breyting	(1.713.676)	244.400
Launatengd gjöld	14.765.479	10.552.064
Eignfærður launakostnaður	(12.483.308)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	67.153.462	63.587.776
Fjöldi ársverka á tímabilinu	14	12

12. Tekjuskattur

Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall	2018 1.1.-30.6.		2017 1.1.-30.6.	
Tap fyrir tekjuskatt		(13.140.712)		(34.060.641)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	(20,0%)	2.628.142	(20,0%)	6.812.128
Óskattskyldar tekjur	36,1%	(4.740.424)	9,1%	(3.100.000)
Ófrádráttarbær kostnaður	(7,7%)	1.014.047	0,0%	0
Aðrir liðir	(8,4%)	1.098.234	10,9%	(3.712.128)
Virkur tekjuskattur	0,0%	0	0,0%	0

13. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	187.313.002	47.753.676	235.066.678
Eignfært á tímabilinu	0	12.483.308	12.483.308
Heildarverð 30.6.2018	187.313.002	60.236.984	247.549.986
Niðurfært 1.1.2018	19.408.183	6.893.775	26.301.958
Niðurfært á tímabilinu	9.025.754	5.880.663	14.906.417
Niðurfært 30.6.2018	28.433.937	12.774.438	41.208.375
Bókfært verð 1.1.2018	206.721.185	40.859.901	208.764.720
Bókfært verð 30.6.2018	158.879.065	47.462.546	206.341.611
Niðurfærsluhlutfall	10,0%	20,0%	

13. Óefnislegar eignir, frh.:

Viðskiptavild félagins myndaðist annars vegar við samruna félagsins við ARK Technology ehf. á árinu 2017 og hins vegar kaupa á meginhluta af rekstri, aðstöðu og tækjabúnaði Datadrive ehf.

Síðustu árin hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaðar og hefur stærsti hluti kostnaður vegna þróunarverkefna sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstarreikningi. Til samræmis hafa viðeigandi styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstrarreikning. Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018 nemur eignfærður þróunarkostnaður hugbúnaðar 12,5 millj. kr

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tölvubúnaður
Heildarverð 1.1.2018	3.346.859
Heildarverð 30.6.2018	3.346.859
Afskriftir 1.1.2018	334.686
Afskrifað á tímabilinu	334.686
Afskrifað 30.6.2018	669.372
Bókfært verð 31.12.2017	2.677.487
Afskriftarhlutfall	20,0%

15. Eignarhlutur í dótturfélögum

Eignarhlutur í dótturfélögum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Ark Technology Ltd.	100,0%	(5.070.237)	0
		(5.070.237)	0

Í lok tímabilsins nam bókfært eigið fé DataDrive ehf. 7,0 millj.kr. en félagið er innifalið í samstæðuárshlutareikningi.

Í lok júní á félagið dótturfélag í Bretlandi, Ark Technology ltd. eignarhluturinn hefur verið færður á upprunalegu kaupverði 5,1 millj.kr. ekki hefur verið færð hlutdeild í rekstri dótturfélagsins þar sem rekstur félagins hefur verið óverulegur. Á tímabilinu var eignarhluturinn færður niður í 0 kr.

16. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	Samstæða 30.6.2018	Samstæða 31.12.2017
Skatteign 1.1.	0	503.221
Tekjuskattur í rekstarreikningi	0	(503.221)
Skatteign 30.6.2018	0	0

Skatteign skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	3.290.883	3.290.883
Rekstarfjármunir	(80.000)	(80.000)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	61.848.777	59.769.644
Skatteign samtals	65.059.660	62.980.527
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi	(65.059.660)	(62.980.527)
Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi	(0)	0

Skýringar, frh.:

16. Skatteign, frh.:

Í tímabilsins 30. júní 2018 nam yfirfæranlegt tap samstæðunnar 309,2 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því að það fellur til. Skattalegt tap félagsins greinst þannig í lok júní 2018:

	Samstæða
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021	1.579.359
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022	2.779.813
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023	4.181.352
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024	46.083.582
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025	67.457.462
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026	109.303.221
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027	46.086.501
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028	31.772.594
Samtals	309.243.884

17. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannnig:

	30.6.2018	31.12.2017
Sérstök skattaívilnun vegna þróunarverkefna	60.132.024	37.619.238
Aðrar skammtímakröfur	6.040.705	5.590.684
Aðrar skammtímakröfur samtals	66.172.729	43.209.922

Áætluð endurgreiðsla á 32,6 millj. kr. vegna skattaívilnunar sem tilheyrir árinu 2017 verður greitt í nóvember 2018 og áætluð endurgreiðsla vegna 2018 verði greidd á síðari hluta ársins 2019.

18. Eigið fé

Hlutafé félagsins í lok tímabils er 116,5 millj. kr. að nafnverði.

Í júnílok skiptast hlutir félagins í A og B hluti. Í A hlutaflokki eru útgefnir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafjár. Í B hlutaflokki eru útgefnir 66,5 millj. hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

19. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	116.500.000	228.567.473	29.624.266	(115.247.703)	259.444.036
Þróunarkostnaður			8.272.551	(8.272.551)	0
Tap tímabilsins				(13.140.712)	(13.140.712)
Eigið fé 30.6.2018	116.500.000	228.567.473	37.896.817	(136.660.966)	246.303.324

Á hluthafafundi félagins þann 22. nóvember 2016, var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutafé félagsins vegna útgáfu kaupréttа til starfsmanna félagsins. Samkvæmt samþykktinni var hækkunin að fjárhæð allt að 240.000 kr. og í B-flokki hlutabréfa. Með útgáfu jöfnunarhlutabréfa hækkaði þessi heimild í 6.000.000 kr. Á stjórnarfundi þann 23. nóvember 2016, var kaupréttaráætlun fyrir félagið samþykkt af stjórn félagsins.

Þann 2. desember 2016 var ríkisskattstjóra sent erindi með beiðni um staðfestingu á kaupréttaráætlun félagsins, í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 7. apríl 2017 var kaupréttarætlun félagsins staðfest.

19. Yfirlit um eiginfjárreikninga, frh.::
Félagið hefur í lok tímabilsins gefið út kaupréttarsamninga til starfmanna að nafnverði 2.920.000 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kaupréttúrinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

20. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	30.6.2018
Óverðtryggð lán í íslenskum krónum, vextir 7,65%	15.000.000
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	15.000.000
Næsta árs afborganir	0
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	15.000.000

Langtímalán félagins mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2022.

21. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélög, félög í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagins við tengda aðila sundurliðast þannig í lok ársins:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa)	0	50.000.000
Aðrir tengdir aðilar	250.000	0

Á tímabilinu keypti félagið þjónustu af tengdum aðila að fjárhæð 2,7 millj. kr. auk þess voru gjaldfærðir 2,2 millj. kr. í vaxtagjöld.

22. Önnur mál

Á árunum 2017-2018 vann samstæðan að rannsókn og þróun á hugbúnaði. Stærstur hluti kostnaðar vegna verkefnisins sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstrareikningi. Samstæðan fékk á árinu 2017 staðfestingu frá Rannís þess efnis að rannsóknar og þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagins vegna árannna 2017 og 2018. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2017 nemur 37,9 millj. kr. og hefur verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstarreikning. Á tímablinu 1. janúar 2018 til 30. júní 2018 hefur félagið sömuleiðis tekjufært 23,7 millj. kr. sem áætlað er að komi til greiðslu á árinu 2019. Sömu fjárhæðir eru færðar til eignar á meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 31. desember 2017 og 30. júní 2018.